

Skólaráð

Skólaráð 30.10.2012 kl. 8:10

26. fundur

Mættir: Hrönn Bergþórsdóttir, Sif Stefánsdóttir, Mjöll Flosadóttir, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Hildur Guðmundsdóttir, Ragnheiður Ásmundsdóttir, Ásta Eyjólfsdóttir, Vilborg Harðardóttir, Sverrir Kristinsson og Pálmar Sigurðsson.

Skólanámskrá Setbergsskóla:

Farið var yfir skólanámskrá Setbergsskóla og lagði Mjöll fram minnisblað með atriðum sem betur máttu fara. Listinn var yfirfarinn og afhentur skólastjórnendum sem munu fara yfir hann og skoða námskrána með hliðsjón af honum. Skólanámskráin var að öðru leyti samþykkt og undirritað skjal þess efnis.

Hrönn talaði um að námskeið yrði fyrir bekkjarfulltrúa 7. nóvember. Hún sagði einnig frá því að hún hefði átt áhugaverðan fund með fulltrúum nemenda um forvarnir.

Önnur mál:

Mjöll talaði um að ósamræmi hefði verið með tilhögun heimanáms í vetrarfrí. 4. bekkir höfðu t.d. verið sendir heim með heimanám. Aðilar voru sammála um að heimanám yrði ekki sent heim í vetrarfrí og farið yrði eftir heimanámsáætlun Setbergsskóla.

Hrönn sagði næsta fund verða 27. nóvember og yrði þá fjallað um niðurstöður samræmdra prófa. Einnig sagði hún að meðaltalstölur einkunna yrðu settar á heimasíðu skólans.

Hrönn sagði frá því að tveir nemendur okkar hefðu unnið hönnunarkeppnina Stíl í Hafnarfirði.

Hrönn talaði einnig um að auka þyrfti efni og myndir á heimasíðunni og þyrfti að hvetja kennara til að senda Bylgju ritstjóra heimasíðunnar meira efni.

Að þessu loknu var fundi slitið kl. 9:30.

Ritari var Hildur Guðmundsdóttir.